

Fundargerð

61. stjórnarfundur FHA haldinn 8. sept. 2014 kl. 12:00

Boðaðir voru stjórnarmenn og varastjórn. Fundinn sátu: Hjördís Sigursteinsdóttir (HS), Guðmundur Óskarsson (GKÓ), Hreiðar Þór Valtýsson (HV) og Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir. Ólína Freysteinsdóttir, Pía Viinikka (PV) og Þorlákur Axel Jónsson (ÞAJ) boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Fulltrúi á háskólafundi

Ákveðið var að senda tölvupóst á félagsmenn og óska eftir fulltrúa fyrir hönd félagsins á þennan fund. Ákveðið að var sá sem sæti þennan fund fyrir félagið fengi greidda fundarþóknun frá félaginu eins og á aðra fundi.

2. Niðurstaða kjarakönnunar

Formaður kom með niðurstöður kjarakönnunarinnar inn á fundinn. Skýrslunni var dreift og hún rædd í smá tíma. Ákveðið var að setja skýrsluna á netið þannig að félagsmenn geti sjálfir skoðað hana og niðurstöður hennar og túlkað. Stjórn hefur áhyggjur af launaþróuninni ef rétt er að við höfum dregist verulega aftur úr.

3. Önnur mál

- a. Námssjóður – umsóknir í námssjóð voru samþykktar með fyrirvara um að viðkomandi umsækjandi fullnægi skilyrðum. Umsóknir sendar til Ásu til yfirferðar og greiðslu eða höfnunar.
- b. Rædd um nokkrar mögulegar upptækjur fyrir félagsmenn en ákveðið að taka endanleg ákvörðun á næsta fundi.
- c. Ákveðið að óska eftir fundi með rektor og ræða starfsmannamál.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 13:03

Hjördís Sigursteinsdóttir, fundarritari.